

M-67/2017. Álit 29. desember 2017.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. desember 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-67/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 26. september 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um fartölvu, sem keypt var af fyrirtækinu Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur tölvuna gallaða og krefst nýrrar afhendingar.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá.

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi hafi keypt fartölvu af gerðinni Acer Aspire af seljanda þann 15. apríl 2016 fyrir 80.637 krónur. Fartölvun hafi svo farið að „haga sér einkennilega“ nokkrum dögum eftir kaupin með því að „vakna ekki upp úr „sleep mode“ og [drepa] á sér fyrirvaralaust eða [festast] í „repair mode“. Síðar var stýrikerfið sett upp á ný með það að markmiði að lagfæra tölvuna það virkaði ekki svo ákveðið var að skipta um rafhlöðu sem virkaði ekki heldur. Álitsbeiðandi hefur krafist þess fyrir nefndinni að hann fái nýja fartölvu afhenta þar sem umþrætt fartölva sé haldin galla.

Viðskipti aðila áttu við stofnun þeirra undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Bú seljanda var hins vegar tekið til gjaldþrotaskipta þann 8. júní 2017. Innköllun var birt 19. júní 2017 og kröfulýsingarfresti í búið lauk 19. ágúst 2017. Félagið var afskráð þann 13. september 2017. Frá því að búið var tekið til gjaldþrotaskipta fór skiptastjóri með forræði búsins og var kröfuhöfum, líkt og álitsbeiðanda, rétt að lýsa kröfum sínum í búið samkvæmt ákvæðum laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Af framangreindu leiðir að álit kæruneftndar hefur enga þýðingu. Nefndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

II

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson